



SKOÐUN Ragnheiður Gunnarsdóttir ræðir mikilvægi skólahjúkrunarfræðinga. **15**



MENNING Íslenskar rafbækur eru komnar í sölu hjá bókarísanum Amazon. **20**



LÍFID Leikarinn Arnar Dan Kristjánsson leikur hlutverk í stórmyndinni Noah. **30**



SPORT Liverpool pakkaði Man. Utd saman á Old Trafford í gær. **24**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

17. mars 2014

64. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR




Potan sem gufaði upp

Hvarf flugvélar Malaysia Airlines fyrir níu dögum verður æ dularfyllra. Rannsókn beinist nú meðal annars að flugmönnum. **6**

Skoða sjaldan óvænt andlát Aðeins sex óvænt andlát voru tilkynnt og rannsókuð á Landspítalanum í fyrra en ættu að hafa verið 84 miðað við tölfraði úr bandarískri rannsókn. Yfirlæknir segir atvikaskráningu vera ábótavant. **4**

Í fóstur fjarri heimaslóð Skortur er á fósturforeldrum fyrir börn sem þarf að skilja frá fjölskyldum sínum. Því hefur þurft að koma börnum í fóstur fjarri heimahögunum. **8**

Þrjú ár í ófriði Þrjú ár eru frá því að átök í Sýrlandi hófust. Talið er að um 140 þúsund manns hafi látist. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna segir alþjóðasamfélagið vanmáttugt. **12**



Bolungarvík	-4°	NNA	7
Akureyri	-5°	NNA	4
Egilsstaðir	-3°	NV	5
Kirkjubæjarkl.	-3°	NV	5
Reykjavík	0°	NV	6

BJART SYÐRA í dag verður norðlæg eða norðvestanátt, víðast 3-8 m/s. Él fyrir norðan en bjart með köflum syðra. Frost á bilinu 0-7 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



next

MIKIÐ ÚRVAL AF JAKKAFÖTUM FYRIR FERMINGUNA

Verð frá kr. 19.980.-

NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Skólar óviðbúnir metfjölda

Aldrei hafa fleiri börn sótt grunnskóla Reykjavíkur en nú. Metárgangurinn frá 2009 hefur skólagöngu á næsta ári og þá fjölgar um 600 í skólum borgarinnar. Ekki á að færa mörk skólahverfa til að nýta betur vannýtta skóla.

SKÓLAMÁL Metfjöldi barna streymir í grunnskóla landsins haustið 2015 án þess að brugðist hafi verið við fjölguninni að fullu. Aldrei hafa fleiri börn fæðst á Íslandi en árið 2009 en þá fæddust 5.026 börn vítt og breitt um landið. Þau hefja grunnskólanám næsta haust.

Samkvæmt spám munu 600 fleiri stunda nám við grunnskóla Reykjavíkur árið 2015 en 2013.

Aðeins tveir almennir grunnskólar í borginni eru á teikni-borðinu. Fyrirhugað er að hefja viðbyggingu við Vesturbæjar-skóla seinni hluta þessa árs. Þá verður Dalskóli í Úlfarsárdal byggður. Börn þar hafa stundað nám í lausum stofum frá stofnun


Dalskóla 2010. Áætlað er að hefja byggingu skólans síðla árs 2015.

Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, segir að brugðist verði við vandanum með fjölgun lausra stofa þar sem það á við.

Sé gert ráð fyrir 20 börnum í bekk þarf að fjölga kennslustofum í Reykjavík umtalsvert áður en skólaárið 2015 hefst.

Fjöldi barna í grunnskólum borgarinnar mun hafa áhrif á fleira en kennslustofur. Finna verður lausnir til að mæta auknu álagi í mótuneytum skólanna en mörg mótuneyti eru nú þegar tví- og þrísetin yfir hádegis.

Frístundaheimili borgarinnar munu eins finna fyrir aukning-



unni. Nú eru börn á biðlistum að komast á frístundaheimilin. Frístundaheimili Rimaskóla er í lausum stofum og frístundaheimilið Frostheimar í Vesturbænum not-

ast við lausar stofur til viðbótar við húsnæði sitt. Áætlað er að byggja nýtt frístundaheimili við Vogaskóla.

- ssb / sjá síðu 6



TAPAD-FUNDIÐ Mikið magn óskilamuna frá vetrinum var til sýnis í matsal Hólabrekkuskóla á foreldradegi á föstudag. „Mér finnst ekki ólíklegt að gerð verði þriðja tilraun til að koma öllum mununum út áður en skólaárinu lýkur. Það sem ekki verður sótt verður gefið til Rauða krossins,“ segir Ellert Borgar Þorvaldsson, starfandi skólalæknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Krímverjar kusu Rússland:


Refsiaðgerðir undirbúnar

ÚKRAÍNA Mikill fögnuður braust út á Krímsskaga í gær eftir að tilkynning barst frá stjórnmönnum um að 95,5 prósent hefðu samþykkt sameiningu við Rússland.

Úkraínustjórn kallaði þjóðar- atkvæðagreiðsluna hins vegar sirkus og Vesturlönd segja hana ólöglega. Fullvíst þykir að nú muni Evrópusambandið og Bandaríkin samþykka refsiaðgerðir gegn stjórn Vladímírs Pútíns Rússlandsforseta.

„Aðgerðir Rússa eru hættulegar og skapa óstöðugleika,“ segir í yfirlýsingu frá Bandaríkisstjórn.

Þá hafa bæði Frakkar og Þjóðverjar tekið undir yfirlýsingu frá William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, um að Rússar þurfi nú að horfast í augu við efnahagslegar og pólitískar afleiðingar gerða sinna.



VLADÍMÍR PÚTÍN

- gb

Viðræðum samninganefnda kennara og ríkisins verður haldið áfram:

Verkfall hefst en tilboð á borðinu

KJARAMÁL Verkfall framhaldsskólakennara er hafið. Viðræður samninganefnda kennara og ríkisins stóðu yfir alla helgina en skiluhúsið ekki þeim árangri sem vonast var til.

„Ókkur tókst ekki að ná utan um málin en það komu hugmyndir frá ríkinu í kvöld sem við eigum eftir að skoða en ég get ekki tjáð mig um þær,“ sagði Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags fram-

haldsskólakennara í gærkvöldi. Hún segir enn mikið bera í milli.

„Fundum verður fram haldið á morgun og þetta merkir ekki að það sé að slitna upp úr viðræðum. Okkur finnst slæmt að missa viðræðurnar út í verkfall og við leggjum mikla áherslu á að næstu dagar verði notaðir vel því hver dagur er dýr, bæði fyrir kennara og nemendur.“

Gunnar Björnsson, formaður

„Hver dagur er dýr, bæði fyrir kennara og nemendur.“

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara

samninganefndar ríkisins, segir kennara hafa viljað taka sér tíma til að fara yfir tillögur ríkisins en báðir aðilar vilji halda viðræðum áfram.

- hg

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ

SPURNING DAGSINS



Júlíus, voru gerð hróp að þér?

Já, það voru nokkur skátahróp.

Bandalag íslenskra skáta hélt á föstudag samkvæmi þar sem Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri bandalagsins, var heiðraður fyrir tveggja áratuga störf.

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis gagnrýnir peningamálastefnu Seðlabankans:

Bönkunum borgaðir óþarflega háir vextir

FJÁRMÁL Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir ekki eðlilegt að viðskiptabankarnir hagnist óhóflega á áhættulausum innistæðum sínum í Seðlabankanum sem greiði þeim allt of háa vexti.

Með peningamálastefnu Seðlabankans segir Frosti viðskiptabanka fá allt of góð kjör sem þeir hafi ekkert fyrir að afla.

„Seðlabankinn er að ávaxta 206 milljarða fyrir bankana á mjög háum vöxtum, nánar tiltekið 5 til

5,7 prósentu vöxtum. Þetta kostar með sama áframhaldi tíu til ellifu milljarða á ári og þetta er allt of hátt, allt of mikið,“ segir hann.

Að sögn Frosta gæti Seðlabankinn dregið úr þessum vaxtakostnaði sem á endanum sé greiddur af skattgreiðendum. Vilji Seðlabankinn binda um 200 milljarða af fé viðskiptabankanna til að draga úr peningamagni í umferð geti hann hækkað bindiskylduna.

„Og borgað lægri vexti á bindiskyldureikninga, til dæmis vexti

sem héldu í við verðbólgu. Það er alger óþarfi að borga bönkunum svona há vexti á svo stóra upphæð,“ segir Frosti.

Aðspurður segir Frosti að bankar myndu ef til vill ekki hagnast jafn mikið ef bindiskyldan sem nú er tvö prósent væri hækkuð. „En ég held að bankarnir eigi ekki að hagnast á öruggri ávöxtun sinni hjá Seðlabankanum. Það er hvergi svoleiðis í heiminum nema hér.“

- hmp



FROSTI SIGURJÓNSSON Telur nær að hækka bindiskyldu en vexti vilji menn draga úr fjármagni í umferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MALMÖ Í GÆR Um níu þúsund manns komu þar saman í gær, viku eftir að fjórir særðust í átökum.

NORDICPHOTOS/AFP

Þúsundir manna komu saman í Malmö og Gautaborg:

Mótmæla fasisma í Svíþjóð

SVÍÞJÓÐ Um níu þúsund manns komu í gær saman í Malmö til að mótmæla fasisma. Þúsundir manna komu einnig saman í Gautaborg í sama tilgangi.

Tílfni mótmælanna er að fjórir menn slösuðust illa í Malmö um síðustu helgi eftir að ráðist var á þá í beinu framhaldi af mótmælum sem feministar höfðu efnt til.

Einstaklingar, sem hafa tengsl við sænskan nasistaflokk, eru grundaðir um morðtilraun í tengslum við þessar árásir.

„Það sem gerðist um síðustu helgi má ekki gerast aftur,“ hefur sænska dagblaðið Göteborgs-Posten eftir einum mótmælendanna. „Fólk má ekki vera sofandi gagnvart því að til sé nasískur stjórnvaldaflokkur sem fær atkvæði í kosningum.“

- gb

Nígeríustjórn kennt um: Sextán manns tróðust undir

NÍGERÍA, AP Að minnsta kosti sextán manns létu lífið eftir að hafa troðist undir í biðröð umsækjenda eftir störfum hjá hinu opinbera í Nígeríu.

Stjórn landsins er kennt um að hafa klúðrað málunum þegar hundruðum þúsunda var boðið að sækja um innan við fimm þúsund störf.

Abba Moro innanríkisráðherra segir harmleikinn hins vegar hinum látnu sjálfum að kenna. Þeir hafi látið lífið vegna eigin óþolinmæði.

- gb

Sextán þúsund handteknir: Egypsk fangelsi óðum að fyllast

EGYPTALAND, AP Egypsk stjórnvöld hafa undanfarna átta mánuði handtekið 16 þúsund manns. Þetta eru mestu fjöldahandtökur í landinu í nærri tvo áratugi.

Mannréttindasamtök hafa varað við því að misþyrmingum í fangelsum hafi fjölgað verulega. Fangar segja kerfisbundnar barsmíðar stundaðar af hálfu fangavarda og að tugum fanga sé troðið inn í litla klefa við ömurlegar aðstæður.

Þúsundir hinna handteknur eru háttsettir liðsmenn Bræðralags múslima.

- gb

Á vélsleða til að hitta Bettý á Ingjaldssandi

Stöð 2 fékk aðstoð björgunarsveitar til að heimsækja Elísabetu Pétursdóttur sem býr með fimmtán ára syni sínum í síðasta bænum á Ingjaldssandi. Sonurinn sækir skóla á Flateyri og kemst stundum ekki heim til sín vikum saman vegna ófærðar.

FÓLK Mæðginin á Sæbóli á Ingjaldssandi, Elísabet Pétursdóttir sauðfjárbóndi og 15 ára sonur hennar, Þór, gætu verið þeir Íslendingar sem búa við erfiðustu samgöngur og mestu vetrareinangrun hérlendis. Þangað er svo torfært á veturna að það gerist iðulega að sonurinn komist ekki heim til sín úr skólanum vikum saman.

Þau eru ein eftir í afskekktum vestfirskum dal á skaganum milli Öundurarfjarðar og Dýrafjarðar. Elísabet, sem jafnan er kölluð Bettý, segist vera rollukona en auk þess að vera með kindur vinnur hún margs kyns handverk sem hún selur ferðamönnum. Hún er fráskilin tveggja barna móðir og uppalin á Ingjaldssandi þar sem áður var blómleg byggð. Þegar hún stofnaði sitt heimili í dalnum með fyrrverandi manni sínum fyrir aldarfjórðungi bjuggu þar enn sex fjölskyldur. En svo fjarðaði undan byggðinni. Sæból er núna síðasti bærinn í dalnum og Bettý stendur frammi fyrir þeirri spurningu hvort yfir þúsund ára byggðasögu Ingjaldssands ljúki með henni.

Þór sonur hennar sækir grunnskóla á Flateyri. Svo heppilega vill til að eldri systir hans, Kristín, á þar heimili með manni sínum og tveimur börnum, og hjá þeim dvelur Þór virka daga í heimavist á skólatíma. Hann reynir hins vegar að komast heim til sín um helgar en til þess þarf að fara yfir 530 metra háan fjallveg. Í snjóþyngslum, eins og verið hafa síðustu vikur, treysta hvorki Vegagerðin né Ísafjarðar-



Í FJÖRUKAMBINUM VIÐ ÖNUNDAFJÖRÐ Bettý í viðtali við Kristján Má Unnarsón um lífið á Ingjaldssandi fyrir þáttinn Um land allt á Stöð 2.

MYND/BALDUR HRAFNEKELL JÓNSSON

→ Elísabet Pétursdóttir, sem jafnan er kölluð Bettý, segist vera rollukona.

bær sér til að ryðja leiðina og halda henni opinni. Það er einfaldlega talið of kostnaðarsamt.

Þegar Stöðvar 2-menn fóru í heimsókn til Bettýjar á dögnum þurftu þeir að leita aðstoðar björgunarsveitarinnar Sæbjargar á Flateyri til að komast þangað. Farið var á vélsleðum yfir

fjallgarðinn en tilgangurinn var að kynna þvi hvernig sé að búa við slíka einangrun. Einnig var rætt við systkinin Þór og Kristínu um tilveruna við þessar sérstöku aðstæður. Afraksturinn má sjá í þættinum Um land allt, á Stöð 2, annað kvöld.

- kmu



Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Um þúsund ferðamenn heimsóttu Geysi á laugardag þegar gjaldtaka hófst: Fengu 500 þúsund á fyrsta degi

GEYSIR Landeigendafélag Geysis innheimti um fimm hundruð þúsund krónur á laugardag þegar gjaldtaka fyrir heimsóknir á hverasvæðið hófst. Um þúsund ferðamenn heimsóttu þá svæðið og flestir greiddu sex hundruð króna aðgangseyri.

„Það greiddu ekki allir aðgangseyrinn en við sýndum þá tillitssemi við gesti eins rútufyrirtækis að hleypa þeim í gegn en skrifuðum það niður og ætlum að ræða það við fyrirtækið eftir á,“ segir Garðar Eiríksson, talsmaður Landeigendafélags Geysis.

Garðar segir gjaldtökuna hafa gengið framur vonum og lítið verið um kvartanir.

„Það er í raun og veru bara einn aðili sem er ósáttur eða tjáir sig um það en við höfum ekki orðið mikið vör við annað,“ segir Garðar og



RUKKAD VIÐ GEYSI Starfsmenn Landeigendafélagsins innheimta gjald þrátt fyrir að ríkið hafi höfðað mál vegna gjaldtökunnar.

MYND/PÉTUR ÓSKARSSON

vísar í gagnrýni ferðapjónustufyrirtækisins Allrahanda á gjaldtökuna. „Mér finnst eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir á öllum hlutum, hvort sem það eru þessir þættir eða eitthvað annað. Ég vil heldur að ef menn eru ósáttir þá ræði forsvarsmenn fyrirtækja við okkur

en láti það ekki bitna á gestum eða starfsfólki okkar,“ segir Garðar.

Nú starfsmenn félagsins sjá um að rukka inn á svæðið.

„Við höfum einnig kallað í aðstoðarfólk til viðbótar og við munum fjölga aðeins í hópnum.“

- hg

4G
LTE



Polar Loop snjallband
19.990 kr. stgr.



4G
LTE



Nike+ FuelBand SE
29.990 kr. stgr.



**Nýtt
há
Nova!**



Sjálfsmelluhnappur
1.990 kr. stgr.

HISY þráðlaus myndavéla-
hnappur fyrir iPhone (iOS 7).

SJÁLFSMELLUR OG SNJALLBÖND HJÁ NOVA!

4G
LTE



4G hneti
13.990 kr. stgr.
með þjónustusamningi í áskrift.

MARS 2f1

TILBOÐ

Skoðuðu tilboðin
í Nova appinu!

1.000 kr.
notkun í
3 mánuði
fylgir!



iPhone 4s 8GB
67.990 kr. stgr.
4.190 kr. /18 mán.



Bíókort
3.790 kr. stgr.
Gildir fimm sinnum í bíó!

Urbanears
11.990 kr. stgr.
Margir litir fánlegir.



**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

4G hjá Nova er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



148 prósentu aukning varð í notkun tauga- og geðlyfja á Íslandi milli árunna 1992 og 2012.

Fyrri árið nam notkunin 138 dag-skömmtum á hverja eitt þúsund íbúa en árið 2012 var notkunin komin upp í 342 dagskammta.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Íslandsbanki hyggst ekki endurgreiða hluta vaxta húsnæðislána skilvísra viðskiptavina:

Endurgreiðslan í fyrra var þakklætisvottur

VIÐSKIPTI Íslandsbanki hyggst ekki endurgreiða 30 prósent af vöxtum húsnæðislána og skuldabréfalána eins og gert var á síðasta ári. Tuttugu þúsund skilvísir viðskiptavinir bankans fengu í lok febrúar í fyrra endurgreidda samtals tvo og hálfan milljarð króna en verkefnið var kynnt sem gjöf frá bankanum. Að meðaltali fékk hver viðskiptavinur um 120 þúsund krónur endurgreiddar.

Dögg Hjaltalín, upplýsingafultrúi Íslandsbanka, segir að aldrei hafi verið ætlinin að endurtaka leikinn. „Það var litið á endurgreiðsluna sem þakklætisvott fyrir

tryggð viðskiptavina. Íslandsbanki vildi sýna í verki þakklæti til þeirra sem höfðu staðið í skilum í gegnum erfiða tíma.“

Endurgreiðsla bankans var gagnrýnd þegar í ljós kom að vaxtabætur sem greiddar voru af ríkinu skertust á móti endurgreiðslunni. Íslandsbanki sagði í svari sínu þá að útreikningar endurgreiðslunnar hefðu verið að tilmælum Ríkisskattstjóra sem farið hefði fram á leiðréttingu á vöxtum viðskiptavina bankans. Leiðrätt upphæð vaxta lá svo til grundvallar ákvörðun um greiðslu vaxtabóta úr ríkissjóði.



DÖGG HJALTALÍN Upplýsingafultrúi Íslandsbanka segir aldrei hafa staðið til að endurtaka endurgreiðslu vaxta.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

- ssb



Á HVERFISGÖTU Framkvæmdum frá Klapparstíg að Vítastíg, sem hér sjást á myndinni, er nú lokið að mestu leyti.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Bætt aðgengi fatlaðra:

Rampur er á ábyrgð eigenda

SKIPULAG Ef gera á ramp við inngang í hús til að bæta aðgengi fatlaðra á endurgerðri Hverfisgötu þarf húseigandi að leggja inn teikningar af rampinum til samþykktar hjá byggingarfulltrúa.

„Reykjavíkurborg metur síðan hvort verið sé að skerða gangstéttina of mikið gagnvart öldruðum og sjónþöfum. Það þarf að fara hinn gullna meðalveg,“ segir Auður Ólafsdóttir, verkfræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar.

Hún bendir á að stundum þurfi ekki ramp, heldur nægi minni aðgerðir til að auðvelda aðgengi fatlaðra.

- ibs

Próun á Norðurlöndum:

Fátæktin er mest í Svíþjóð

SVÍÞJÓÐ Fátæktin og atvinnuleysið á Norðurlöndum er nú mest í Svíþjóð. Þetta kemur fram í aðsendri grein í Dagens Nyheter sem formaður sænskra jafnaðarmanna og formaður sænska alþýðusambandsins skrifa. Þeir segja einkavæðingu velferðarkerfisins og minni fjárfestingar af hálfu hins opinbera eiga sinn þátt í þróuninni.

Formennirnir vitna í skýrslu óháðra sérfræðinga sem fengnir voru til að greina norræna módelið og þróunarmöguleika þess til ársins 2030.

- ibs

HEILBRIGÐISMÁL Atvikaskráning um óvænt andlát á Landspítalanum er mun minni en að meðaltali á bandarískum sjúkrahúsum.

Í fjórum bandarískum rannsóknum, sem greint er frá í heilbrigðis-tímaritinu Shots, voru sjúkraskrár 4.200 sjúklinga skoðaðar. Andlát voru óvænt í 1,4 prósentum tilfella.

Við óvænt andlát eiga starfsmenn Landspítalans að skrá það sem atvik á spítalanum og tilkynna yfirvöldum. Þótt andlát sé skráð sem atvik er ekki þar með sagt að það hafi orðið vegna vanrækslu eða mistaka starfsfólks spítalans en það er þó rannsakað af stjórn spítalans og í sumum tilfellum Embætti land-

læknis eða lög-reglu.



ELÍSBET BENEDIKZ

Samkvæmt sjúklingatölum frá Landspítalanum voru um sex þúsund sjúklingar lagðir inn á spítalann 2013. Sama ár var tilkynnt um sex óvænt andlát. Það er eingöngu 0,1 prósent hlutfall sjúklinga en samkvæmt bandarísku rannsóknunum ættu að vera skráð 84 óvænt andlát á spítalanum það árið.

Elísabet Benedikz, yfirlæknir á gæða- og sýkingavarnardeild Landspítalans, segir skráningu atvika hafa aukist á Landspítalanum síðustu ár. Enn sé þó töluvert af atvikum vanskráð.

„Þótt starfsfólk telji ekki að um mistök sé að ræða á alltaf að skrá óvænt andlát. Vanskráningin snýr að öryggismenningu spítalans. Við erum ekki komin lengra



Á LANDSPÍTALANUM Tölfræði frá Bandaríkjunum sýnir fram á að töluvert sé um vanskráningu á óvæntum andlátum á Landspítalanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Landlæknir er umboðsmaður sjúklinga

Í helgarviðtali Fréttablaðsins sagði Ástríður Pálsdóttir frá baráttu sinni til að fá andlát eiginmanns síns rannsakað frekar. Óvænt andlát hans var ekki skráð sem atvik og fór því ekki í hefðbundið rannsóknarferli.

Í Danmörku er til embætti umboðsmanns sjúklinga sem gætir hagsmuna sjúklinga og aðstandenda þeirra og sér til dæmis um gagnöflun. Á Íslandi hefur margoft spotttið upp umræða um stofnun slíks embættis. „Þetta hlutverk er nú þegar til í íslenski stjórnskipan,“ segir Leifur Bárðarson, yfirlæknir hjá Landlæknisembættinu. „Við lítum svo á að við hjá Embætti landlæknis séum umboðsmenn sjúklinga.“

Leifur segist þó fagna fleiri starfskröftum á þessum vettvangi en finnst varhugavert að í svo fámennu landi sé kröftum dreift of víða. Hann hafnar því að embættið sé of tengt heilbrigðisstofnunum til að vera óháður aðili í kvörtunarmálum. „Það er alls ekki að gæta hagsmuna þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu,“ segir Leifur um hlutverk Landlæknisembættisins.

en þetta en erum að læra,“ segir Elísabet.

Ef óvænt andlát er ekki skráð sem atvik er það ekki rannsakað frekar nema aðstandendur sækist eftir því. „Það er alveg ljóst að besta ferli

er atvikaskráning og rannsókn í kjölfarið. En ef andlát er ekki skráð geta aðstandendur alltaf komið kvörtunum sínum á framfæri og beðið um fund hjá stjórnendum,“ segir Elísabet. erlabjorg@frettabladid.is

Katrín ósátt við mál Más: Fékk hálf svar um kostnaðinn

STJÓRNSÝSLA „Við skulum segja að ég hafi fengið hálf svar,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, í þættinum Mín skoðun á Stöð 2 í gær, um samskipti hennar við Láru V. Júlíusdóttur, fyrrverandi formann bankaráðs Seðlabankans, vegna málaferla Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.

„Það var ekki beinlínis rangt en það vantaði hluta á það. Það sem ég er kannski ósáttust við í öllu þessu máli er það að bankaráð skuli ekki hafa verið með í að ákveða að gera þetta með þessum hætti,“ sagði Katrín sem aðspurð kvaðst myndu hafa gert athugasemdir við það að bankinn greiddi málskostnað Más hefði hún vitað allan sannleikann.

- bá



BIRNNA EINARSDÓTTIR FVH hefur í tölfta sinn valið viðskipta- eða hagfræðing ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Viðskiptafræðingur ársins: Valin fyrir störf í kjölfar hruns

VIÐSKIPTI Birnna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, var valin viðskiptafræðingur ársins 2013 af Félaga viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH).

Í tilkynningu félagsins segir að dómnefnd FVH hafi meðal annars horft til þess að Birnna hefur leitt uppbyggingu Íslandsbanka frá endurreisn bankans í lok árs 2008. „Það eru því ærin verkefni sem hafa verið á borðinu hjá Birnu undanfarin ár.“

- hg

Landsaðgangur | hvar.is

RAFREN TÍMARIT OG GAGNASÖFN

Ársfundur Landsaðgangs
að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum


verður haldinn fimmtudaginn 20. mars kl. 15.00

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í Þjóðarbókhúðu við Anngrimsgötu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.hvar.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HVESSIR Á MORGUN Bætur í vind til morguns og um hádegisbilið verður víða strekkingur og hvasst við suðurströndina. Snjócoma syðra en úrkumulitíð fyrir norðan. Dregur bæði úr vindi og ofankomu síðdegis.




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

GERÐU STUTTAN STANZ

ókeypis ástanzskoðun

Í MARZ



Í mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjóðum við **20% afslátt*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.**

Gerðu stuttan stans hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota ogaktu óhikað inn í vorið.

Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

**Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjá mánuði, vaxtalaus frá og með 2. maí með 3,5% þjónustugjaldi. Þrjár mismunandi hámarksupphæðir.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir efsti maður á lista Pír-ata fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík?
2. Hvaða íslenskt fyrirtæki er nú hætt að styrkja suðurafrikska spretthlauparann Oscar Pistorius?
3. Hvert var tap tölvuleikjafyrirtækisins CCP í fyrra?

svör
3. 2.4 millijarðar króna.
1. Halldór Ávarð Svansson. 2. Össur hj.

Móðir drengs sem hefur skólagöngu haustið 2015 vill sjá áætlanir vegna fyrirséðrar fjölgunar barna:

Börn eiga rétt á sambærilegri þjónustu

Svanhildur Eva Stefánsdóttir er móðir barns sem hefur skólagöngu haustið 2015.

Svanhildur segist ósatt við að ekki hafi verið brugðist við fjölguninni fyrr enda hefur stærð árgangsins legið ljós fyrir í nokkur ár.

Að sögn Svanhildar er skortur á húsnæði þó aðeins einn hluti vandans. „Eru nægir kennarar til að taka við þessum fjölda?“

Sonur Svanhildar er í lausri stofu í leikskóla sínum.



SVANHILDUR EVA STEFÁNSDÓTTIR

borgin sé viðbúin og það sé ekki allt á síðustu stundu,” segir Svanhildur.

„Ég myndi vilja sjá einhverjar áætlanir þannig að barnið mitt sem er fætt árið 2009 fái sambærilega þjónustu og barn sem er fætt 2005. Ég vil að borgin sé viðbúin og það sé ekki allt á síðustu stundu,” segir Svanhildur.

Nemendafjöldaspá í Reykjavík til 2015

	Nemendafjöldi 2012	2013	Spá um nemendafjölda 2014	2015
Vesturbær	1.624	1.763	1.831	1.895
Árbær - Grafarholt - Norðlingaholt	2.383	2.487	2.562	2.639
Miðborg - Hlíðar	1.321	1.333	1.384	1.436
Laugardalur - Háaleiti	3.058	3.163	3.202	3.307
Grafarvogur - Kjalarnes	2.516	2.467	2.435	2.444
Breiðholt	2.300	2.285	2.325	2.377
Samtals:	15.214	15.511	15.753	16.113

Hér sést hvernig áætlað er að fjöldi grunnskólakleppa í Reykjavík aukist fram til haustsins 2016. Þá er gert ráð fyrir að börnin verði 16.113 miðað við 15.214 skólabörn í fyrra.

Verslun minni en fyrir hrun: Snjallsímasala eykst um 60%

EFNAHAGSMÁL Sala snjallsíma jókst um 60 prósent í febrúar miðað við sama mánuð í fyrra, að því er fram kemur í samantekt Rannsóknaseturs verslunarinnar.

„Þó verslun sé smám saman að aukast á ný þá á hún enn langt í land með að ná fyrri styrkleika,“ segir þó í tilkynningu setursins. Bent er á að miðað við febrúar 2008 hafi húsgagnaverslun dregist saman um 53 prósent að raunvirði, fataverslun um þriðjung og skóverslun um fjórðung.

„Á þessu fimm ára tímabili dróst dagvörverslun saman um 7,4 prósent að raunvirði þrátt fyrir að landsmönnum hafi fjölgað um 3,2 prósent og fjöldi erlendra ferðamanna aukist um næstum 60 prósent,“ segir í tilkynningu Rannsóknasetursins.

Flugmennirnir kannaðir

Engin skýring hefur enn fengist á hvarfi malasísku farþegaþotunnar. Malasísk stjórnvöld hafa beðið nágrannaríki sín um margvíslega aðstoð við rannsóknina. Síðustu merkin sem bárust frá vélinni benda til þess að hún hafi verið stödd einhvers staðar á stórum boga sem nær alla leið frá Kasakstan og lengst suður í Indlandshaf.

MALASÍA, AP Á laugardaginn var gerð húsleit á heimilum flugmanna malasísku farþegaþotunnar, sem viku fyrr hvarf sjónum flugumferðareftirlitsmanna þar sem hún var á flugi yfir hafinu á leið til Kína.

Khalid Abu Bakar, yfirmaður rannsóknarlögreglunnar í Malasíu, segir stjórnvöld ekki hafa talið ástæðu til þess fyrr að gera húsleit á heimilum þeirra.

Hann sagðist einnig hafa beðið stjórnvöld þeirra ríkja, sem áttu ríkisborgara um borð í vélinni týndu, um að kanna bakgrunn þeirra. Sums staðar sé þegar búið að gera slíka bakgrunnsrannsókn, en enn sé beðið eftir svörum frá fleiri ríkjum.

Í fyrstu var talið að vélin hefði hrapað í sjóinn stuttu eftir að samband við hana slitnaði, en það gerðist laugardaginn 8. mars klukkan hálf tvö að staðartíma.

Nú þykir staðfest að vélinni hafi verið flogið áfram eftir það, stefnu hennar hafi verið breytt og henni flogið aftur yfir Malasíu og áfram í áttina að Andaman-eyjum í Indlandshafi.

Vélinni var flogið eftir þekktum flugleiðum, sem hefði ekki verið á færi annarra en lærðra flugmanna. Flugmenn hefðu einnig verið færir um að slökkva

→ „Allt í lagi, góða nótt.“
Síðustu orðin sem bárust frá áhöfn vélarinnar.

á merkjasendingum frá vélinni, eins og gert var eftir að hún hafði verið um það bil eina klukkustund á flugi.

Síðustu orðin sem bárust frá áhöfninni voru: „Allt í lagi, góða nótt.“ Þetta var sagt eftir að slökkt var á ACARS-merkjasendingakerfi vélarinnar.

Staðfesting hefur einnig fengist á því að vélin var á flugi í meira en sex klukkustundir eftir að slökkt var á sambandinu, sem þýðir að hún gæti verið komin alla leið norður til Kasakstans eða langt suður í Indlandshaf.

Stjórnvöld í Malasíu segja því nánast útilokað að finna vélina nema nánari upplýsingar um síðustu ferðir hennar skjóti upp kollinum. Þau hafa því beðið nágrannaríkin um aðstoð við leitina.

„Leitin var fyrir mjög flókið, fjölbjóðlegt verkefni,“ sagði Affendi Buang, herforingi í malasísku flughernum. „Hún er nú orðin enn erfiðari.“

gudsteinn@frettabladid.is



VIÐ SKILABOÐAVEGGINN Á flugvelli í Sepang í Malasíu hefur fjöldi manns skrifað á þar til ætlaðan vegg skilaboð og heillaóskir til allra sem tengjast farþegum eða áhöfn vélarinnar týndu.

HVARF VÉLARINNAR VERÐUR Æ DULARFÝLLRA



Gervihnöttur sem síðast nam merki frá vélinni.

Síðustu merkin sem bárust frá vélinni, benda til þess að hún hafi verið stödd nálægt rauðu strikunum tveimur. Annað þeirra liggur frá norðanverðu Taílandi norður til Kasakstans. Hitt liggur lengst suður í Indlandshaf.

Frumvarp kynnt í ríkisstjórn: Stöðugleiki í fjármálum í ráð

EFNAHAGSMÁL Frumvarp til laga um fjármálastöðugleikaráð var kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun.



BJARNI BENEDIKTSSON

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, leggur frumvarpið fram.

Þegar frumvarpið var lagt fram til umsagnar í

fyrravor kom fram að það væri unnið af nefnd sem skipuð var af ráðherra í desember 2012. Nefndinni var falið að gera tillögur um stofnun fjármálastöðugleikaráðs á grundvelli núverandi stofnana- og uppbyggingar, þar sem tryggð yrði samfella í „eindareftirliti og þjóðhagsvarúðareftirliti“.

- óká

Mörgum spurningum ósvarað

- Áttu flugmennirnir einhvern þátt í hvarfi vélarinnar?
- Ef svo er, stóðu þeir þá báðir að verki eða einungis annar þeirra?
- Átti einhver annar úr áhöfninni eða einhver farþeganna hlut að máli?
- Voru flugmennirnir þvingaðir til að fljúga vélinni áfram?
- Tókst einum eða fleiri farþegum að brjótast inn í flugstjórnarkleffann?
- Var einhver farþeganna fær um að fljúga vélinni áfram?

Loksins á Íslandi!

Nicotinell með Spearmint bragði

- auðveldar þér að hætta reykingum

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins



NÝTT

Nicotinell

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggjummi. Inniheldur níkótín. Aðendingar: Til meðferðar á töbaksstíkn en lyfið dregur úr níkótínþörf og fráhræfseinkennum og það auðveldar þér að hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætta. Eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður níkótíni einstaklingurinn er. Mezt er með 4 mg lyfjatyggjummi fyrir einstaklinga með mikla níkótínþörf og fyrir þá sem ekki hafa tekið að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggjummis. Ef þú reykir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg. 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þér en ef reykst er minna en 20 sigarettur á sólarhring er eðlilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stammi skammtisins (4 mg lyfjatyggjummi), skaltu huga minni skammti í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingabörf þar til finnst sterkt bragði. Þú skal láta það hvíla milli kinnar og tannholts. Þegar sterka bragðið minnkar skaltu tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk. þú getur fleiri en 15 stk af 2 mg lyfjatyggjummi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði. Skal þú draga smám saman úr notkun lyfjatyggjummisins. Meðferð skal hætta þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggjummi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfjatsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru háttir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggjummi þar sem reykingabörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukilið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætta um leið og einstaklingurinn er reibúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekið að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Öfnemi fyrir níkótíni eða einhverju hjálparefna, reykleysi. Ráðgjafar þig við lakni eða lyfjafraeing þvi ekki er vist að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða aðasjúkdóm, of háan blóðþrygning, sykursýki, olvirkna skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerfa nýma- og/éða lífrastarfssemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gerviltennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggjummi er ráðlagt að nota önnur lyfjaforn níkótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaþöplu skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og býflythydroxytolúen (E321). Lesið allan lyfjagjöðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarléiðbeiningar í lyfjagjöði. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af níkótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabær



#MOTTUMARS



Málþing

UM KRABBAMEIN Í BLÖÐRUHÁLSKIRTLI

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins boðar til málþings um krabbamein í blöðruhálskirtli.

Þriðjudaginn 18. mars
kl. 17:00-18:15 í húsi
félagsins að Skógarhlíð 8.

Allir velkomnir.
Ókeypis aðgangur.

17:00 – SETNING

Stefán Eiríksson, varaformaður
Krabbameinsfélags Íslands setur málþingið og stýrir því

17:05 – FORVARNIR OG EINKENNI

Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir

17:20 – GREINING OG MEÐFERÐ

Baldvin Þ. Kristjánsson, þvaggfæraskurðlæknir

17:35 – LÍFSGÆÐI OG HUGSANIR EFTIR GREININGU

Þórdís K. Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur

17:50 – STUÐNINGSHÓPURINN GÓÐIR HÁLSAR

Sigurður H. Oddsson

17:55 – FRAMFÖR

Hinrik Greipsson

18:00 – FRÍSKIR MENN (VIRKT EFTIRLIT)

Þráinn Þorvaldsson

18:05 – FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR

— SKRÁÐU ÞIG —

WWW.MOTTUMARS.IS

— EÐA GEFÐU 1000 KRÓNUR —

908 1001

— NETKÓRINN —

SYNGDU „HRAUSTA MENN“
OG SENDU INN MYNDBAND

ARION BANKI STYRKIR HVERJA INNSENDINGU

WWW.MOTTUMARS.IS/NETKORINN

Segir bæjarstjóra neita bæjarfulltrúum um gögn:

Hafnar ásökunum

HAFNARFJÖRÐUR Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, segir Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra neita bæjarfulltrúum flokksins um gögn um tilboð Íslandsbanka í endurfjármögnun á 13 milljarða skuldum bæjarins. Guðrún Ágústa hafnar því að gögnun sé leynt.

„Vinnan við endurfjármögnunina var kynnt í bæjarráði í síðustu viku þar sem Sjálfstæðisflokkurinn á tvo fulltrúa og þar gafst fullt tækifæri til að óska eftir frekari upplýsingum og það var boðið upp á að



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

vera í beinu sambandi við ráðgjafa sveitarfélagsins og það var ítrekað í tölvupósti til Rósu Guðbjartsdóttur um helgina.“ segir Guðrún. -hg

Send í aðra landshluta

Skortur er á fósturforeldrum fyrir börn sem þarf að vista fjarri fjölskyldum sínum, ýmist varanlega eða tímabundið, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim sökum hefur þurft að koma börnum í fóstur fjarri heimahögum sínum og skóla.

FÉLAGSMÁL Illa gengur að koma börnum með sértækan vanda í fóstur á höfuðborgarsvæðinu.

Aðeins 44 umsóknir bárust Barnaverndarstofu árið 2013 um nýjar skráningar fósturforeldra. Á sama ári bárust 87 beiðnir frá barnaverndarnefndum um að koma börnum í tímabundið eða varanlegt fóstur á svæðinu.



BRAGI GUÐBRANDSSON

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að ítrekað komi tímabil þar sem ekki gengur nægilega vel að koma börnum á heimili sem eru í stakk búin til að takast á við vanda þeirra.

Bragi segir að þetta sé sérstaklega vandamál á höfuðborgarsvæðinu hvað það snertir að ráðstafa börnum með fjölpættan vanda, svo sem vegna andlegrar heilsu, í fóstur.

Sum börn hafa svo sértækar þarfir að ekki er mögulegt að uppfylla þær á fósturheimilum sem í boði eru. Þá þarf jafnvel að grípa til tíma-bundinnar vistunar á stofnunum.

„Það eru oft dæmi um það að við getum ekki valið þann stað til búsetu sem við teldum vera ákjósanlegastan, þá er fyrst og fremst átt við



BÖRN AÐ LEIK Dæmi eru um að börn þurfi að skipta um skóla þegar þau fara í fóstur fjarri heimilum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ Miklar kröfur gerðar til fósturforeldra

Guðbergur Grétar Birkisson, formaður Félags fósturforeldra, hefur allt að þrjú til fjögur fósturbörn á heimili sínu hverju sinni. Hann segir mjög mikla skuldbindingu felast í því að taka börn í fóstur. Unglingum í fóstur fylgi oft mikil hegðunarvandamál og jafnvel vímuefnavandi.

„Það er oft betra að kippa þeim úr aðstæðum og út á land til að hjálpa þeim að takast á við vandann,“ segir Guðbergur sem þykir fósturforeldrar ekki fá nægan stuðning frá barnavernd.

„Hvert verkefni er einstakt en það endist enginn í þessu nema að hafa hugsjón til að vinna með þessum börnum.“

höfuðborgarsvæðið vegna aðgengis að sérfræðipjónustu,“ segir Bragi.

Dæmi eru um að börn séu send á einangruð svæði og of langt frá kynforeldrum, segir Bragi. „Þegar upp er staðið er þó ekki verið að ráðstafa börnum gegn þeirra hagsmunum.“

Bragi segir sérstaklega erfiðum málum hafa fjölgað. Þá sé til of mikils ætlast af fósturforeldrum og þolmörk þeirra séu reynd til hins ítrasta.

Með auknum fjárgreiðslum til fósturforeldra er reynt að koma til móts við tilfelli þar sem börn með of mikinn vanda eru vistuð á heimilum sem ekki eru fyllilega í stakk búin til að sinna þörfum þeirra.

Barnaverndarnefnd hvers sveitarfélags sér jafnan um að greiða fósturforeldrum fyrir hvert barn í fóstur. Dæmi eru um að fósturforeldrar hafi fleiri en eitt barn á heimilinu. -ssb

°CLEVER
LÁGHITA
MIÐSTÖÐVAROFNAR

RADSON
áreiðanlegur hitagjafi



Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is



SUBARU

Confidence in Motion

VELDU GÓÐAN BÍL



Subaru Forester 2.0 PREMIUM
Verð: 5.690.000 kr.

6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri



SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERDU ÖRUGG BÍLAKAUP KAUPTU SUBARU!



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



Volkswagen Transporter Snjallari kynslóð atvinnubíla



Þær eru orðnar nokkuð margar, kynslóðirnar af atvinnurekendum sem hafa treyst á Volkswagen-bíla við störf sín. Volkswagen Transporter er fimmta kynslóð sendibíla sem rekja ættir sínar til Volkswagen T1, „rúgbrauðsins“ sígilda.

Það er því löng hefð fyrir því að líta á Volkswagen Transporter sem snjallan kost þegar kemur að því að velja atvinnubifreið og nú er valið snjallara en nokkru sinni fyrr. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis stjórnað tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Transporter er því ekki bara traustur vinnufélagi – hann vinnur einnig vel með símanum þínum.

VW SNJALL-BÍLL

Snjall-Transporter kostar aðeins frá
4.490.000 kr.
(3.577.689 kr. án vsk)

Staðalbúnaður í Transporter

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16“ stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt öikumannssæti með 2 armpúðum
- Bekkur fyrir 2 farþega
- Loftpúðar fyrir öikumann og farþega (aftengjanlegur farþegamegin)
- Útvarp með geislaspilara
- Tengi fyrir MP3 spilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstólva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum flutningsrýmis

Aukabúnaður Snjall-Transporter

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðaskynjarar að aftan
- Tveir fjarstýringalyklar
- Þjónavörn
- Viðarklæðning á gófi flutningsrýmis
- Hraðastillir (Cruise control)
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð



Atvinnubílar

Átak hjá sænskum stjórnvöldum í menntun kennaranema í raungreinum:

Nemar fá skattfría styrki

SVÍPJÓÐ Sænsk stjórnvöld vilja styrkja kennaranema sem ljúka sérhæfðu námi í raungreinum um 25 þúsund sænskar krónur, sem ekki þarf að greiða skatt af, fyrir hverja grein en þó ekki hærra styrk en 75 þúsund krónur samtals. Tilgangurinn er að fá fleiri kennaranema í þessar greinar.

Formaður Sænska kennarasambandsins, Bo Jansson, segir þetta sýna hversu brýnt málið sé. Sambandið hafi varað við að vissar greinar væru í hættu

vegna skorts á kennurum með réttindi.

En kennarasambandið segir jafnframt að stjórnvöld þurfi að skoða málið í heild. Aðgerðirnar megi ekki leiða til atvinnuleysis í öðrum greinum. Til að auka vægi kennarastarfsins almennt þurfi breytingar á atriðum eins og launum og vinnuáðstæðum.

Sænsk stjórnvöld vilja einnig fjölga plássum fyrir háskólanema um 10 þúsund, þar af plássum fyrir kennaranema um níu þúsund. - ics



JAN BJÖRKLUND Menntamálaráðgjafi Svíþjóðar vill fleiri kennaranema í raungreinum. NORDICPHOTOS/AFP



TIL STUÐNINGS BÖRNUNUM Súðurkóreskir stúdentar á kortaljósaathöfn sem var haldin til að krefjast þess að börn í Sírylandi fái aukna aðstoð. MYND/AP



Ársfundur 2014

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag, 17. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 23. janúar 2014
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is



Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | Fax 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is

Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

Norðurland

KVH

Strandgötu 1 · 530 Hvammstangi
Sími 455 2300

Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi
4512514

Bifreiðaverkstæði Blönduós
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 452 2600

N1 Píparinn
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 868 6066

Pardus
Suðurbraut · 565 Hofsóss
Sími 453 7380

Bás
Ránargötu 14 · 580 Siglufjörður
Sími 467 1860

Bílatorgið Akureyri

Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 464 2121

Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri
Sími 462 2499

Múlatindur
Múlavegi 13 · 625 Ólafsfjörður
Sími 466 2194

Bílapjónustan
Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík
Sími 464 1122

Bílaleiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík
Sími 464 1888



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Þjóðir heims getulausar í Sírylandsstríði

Þrjú ár eru frá því að átök í Sírylandi hófust eftir að hópur unglinga var handtekinn. Talið er að um 140 þúsund manns hafi látist. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, hvetur Rússa og Bandaríkjamenn til að auka kraftinn í friðarviðræðum.

SÝRLAND Þrjú ár eru liðin frá því að átökin á Sírylandi hófust. Af því tilefni sagði Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í yfirlýsingu að um væri að ræða stærsta mannúdar-, friðar- og öryggisvandamál heimsins.

Ban Ki-moon sagðist ósáttur við getuleysi alþjóðasamfélagsins til að leysa deiluna og hvatti Bandaríkjamenn og Rússa sérstaklega til að setja aukinn kraft í friðarviðræðurnar en báðar þjóðirnar hafa staðið í deilum vegna ástandsins í Úkraínu.

Átökin í Sírylandi eiga rætur sínar að rekja til mótmæla sem spruttu upp í borginni Deraa í suðurhluta Sírylands eftir að hópur unglinga var handtekinn og pyntaður fyrir að hafa málað uppreisnarslagorð á skólavegg.

Þegar öryggisveitir stjórnvalda hófu skothríð á mótmælendurna og drápu þó nokkra urðu mótmælin umfangsmeiri og áður en langt um leið var þess krafist víða um land að forsetinn, Bashar al-Assad, segði af sér.

Ákvörðun stjórnvalda um að beita enn meira herafli til að stöðva mótmælin höfðu öfug áhrif. Í júlí 2011 tóku hundruð þúsunda manna þátt í mótmælum víðs vegar um landið.

Mótmælendurnir hófu að grípa til vopna. Borgarastyrjöld braust út og árið 2012 náðu átökin til höfuðborgarinnar Damaskus og Aleppo. Talið er að um 140 þúsund hafi fallið í átökunum, þar af fjöldi óbreyttra borgara.

Ein af ástæðunum fyrir því að átökin hafa haldið áfram án þess að samningar hafi náðst er sú að mótmælendurnir eru langt í frá samtíga um hvaða stefnu skuli taka, þó svo að allir séu þeir sammála um að forsetinn Assad verði að víkja. Samninganefnd hefur verið mynduð til að ná athygli alþjóðasamfélagsins en hún hefur ekki sýnt nægan styrk vegna innri átaka og lítills stuðnings frá grasrótahreyfingum og uppreisnarsinnum, að því er kom fram í frétt BBC.

Vopnaðir uppreisnarsinnar hafa myndað hinar ýmsu hreyfingar og talið er að allt að eitt þúsund mismunandi hópar séu núna að störfum með um eitt hundrað þúsund bardagamenn innan sinna raða. Hófsamir mótmælendur eru mun færri en harðlínu-islamistar og hópar sem tengjast al-Kaída-samtökunum sem hafa beitt grimmi- legum aðferðum í baráttu sinni.

FLÓTTAMENN



22 milljónir

Rúmar 22 milljónir manna búa í Sírylandi sem á landamæri að Líbanon, Tyrklandi, Írak, Jórdaníu og Ísrael. Margir mismunandi trúarhópar og mörg þjóðarbrot búa í landinu en þrír fjórðu hlutar Sírylendinga eru súnni-múslimar.

Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur rannsakað meint brot á alþjóðlegum mannréttindalögum frá því átökin hófust. Sönnunargögn sýna að bæði stjórnvöld og mótmælendur hafa framið stríðsglæpi, þar á meðal stund- að pyntingar, gíslatökur, fjöldamorð og aftökur án dóms og laga á þessum þremur árum.

Grófasta dæmið um fjöldamorð átti sér stað í ágúst í fyrra þegar eldflaugum með sarín-taugagasi var skotið að mótmælendum í Damaskus með þeim afleiðingum að á bilinu 300 til 1.430 manns fórust. Stjórnvöld voru sökuð um árásina en Assad kenndi uppreisnarmönnum um hana.

Síðasta vor hófu Bandaríkjamenn og Rússar undirbúning ráðstefnu vegna ástandsins þar sem samþykka átti tillögu um að ný ríkisstjórn yrði sett á laggirnar í Sírylandi. Viðræðurnar hófust ekki fyrir en í janúar síðastliðnum og var þeim slitið í febrúar. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Lakhdar Brahimi, sagði að sýrlensk stjórnvöld hefðu neitað að taka til greina kröfur mótmælenda, sem þau lýstu sem hryðjuverkamönnum.

frey@frettabladid.is

24
TÍMA
TJÓNA
ÞJÓNUSTA



AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓTRÚLEGT

Tjón gera sjaldnast boð á undan sér. Þess vegna erum við á vakt allan sólarhringinn og tryggjum að þú fáiir bestu hugsanlegu tjónaþjónustu hvenær sem þú þarft á henni að halda.

24 tíma tjónaþjónusta – sími 800 7112

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ



Matís og Háskóli Íslands í evrópska samvinnuverkefni EcoFishMan: Þróa gagnvirkni í fiskveiðum

SJÁVARÚTVEGSMÁL „Markmiðið er meðal annars að auka verðmæti sjávarafurða og minnka brottkast,“ segir Anna Kristín Daniélsdóttir, sviðsstjóri hjá Matís, um nýtt gagnvirk kerfi í fiskveiðum.

Anna leiddi samvinnu fjórtán stofnana og fyrirtækja í Evrópu í verkefni sem kallast EcoFishMan. Evrópska rannsóknáætlunin, FP7, veitti EcoFishMan 3,0 milljóna evra styrk til að þróa gagnvirka fiskveiðistjórnunarkerfið RFMS. Í því spár hermír fyrir um áhrif breytinga.

„Við erum búin að setja saman handbók um hvernig megi skref fyrir skref mynda gagnvirk samstarf útgerða, stjórnvalda og vísindasamfélagsins við framkvæmd fiskveiðistjórnunar,“ segir Anna, sem kveður Ísland þegar haga hluta fiskveiðistjórnunar á þann hátt sem kerfið leggur til. „Grásleppuveiðar eru gott dæmi. Þar er gagnvirk samstarf milli yfirvalda og útgerða.“

Niðurstöðurnar verða á næstunni kynntar stjórnarnefnd haf- og fiskveiða hjá Evrópusambandinu. -aos



ANNA KRISTÍN DANÍLESDÓTTIR Sviðsstjóri hjá Matís segir gagnvirkni þegar til staðar á Íslandi. MYND/MATÍS



KOSIÐ Á KRÍMSKAGA Kosningaþátttökan er sögð hafa verið góð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flestir kusu aðskilnað

Yfirgnæfandi meirihluti íbúa á Krímskaga samþykkti að segja skilið við Úkraínu og sameinast Rússlandi. Vesturlönd segja þjóðaratkvæðagreiðsluna ólöglega.

ÚKRAÍNA Sergei Aksjonov, leiðtogi Krímskaga, fullyrti í gær á Twitter-síðu sinni að héraðsþingið þar myndi strax í dag koma saman til að samþykkja opinbera beiðni um að fá aðild að Rússneska sambandsríkinu.

„Á morgun mun nefnd frá Krímþinginu fljúga til Rússlands,“ sagði Aksjonov í gær.

Yfirgnæfandi meirihluti íbúa skagans samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær að segja skilið við Úkraínu. Samkvæmt yfirkjörstjóra höfðu 95 prósent kjósenda greitt atkvæði með tillögunni þegar um helmingur atkvæða hafði verið talinn. Kosningaþátttökan var að sögð yfir 75 prósent.

Vesturlönd segja atkvæðagreiðsluna ólöglega og Úkraínustjórn segir hana skripaleik sem stjórnad sé með hótunum um vopnvald frá Moskvu.

„21 þúsund rússneskir hermenn taka einnig þátt í sýningunni, og reyna að nota byssur sínar til þess að sanna lögmæti þjóðaratkvæðagreiðslunnar,“ sagði Arsení Jatsenjúk, forsætisráðherra Úkraínu.

„Alþjóðasamfélagið mun ekki viðurkenna niðurstöður kosninga sem framkvæmdar eru undir hótunum um ofbeldi,“ segir í yfirlýsingu frá bandarískum stjórnvöldum. „Aðgerðir Rússlands eru hættulega og skapa óstöðugleika.“

Rússneskir hermenn hafa um helgina fært út kvíarnar og eru farnir að athafna sig í austurhluta Úkraínu, utan Krímskagans.

→ Spurningar á kjörseðlinum

Tvær spurningar voru lagðar fyrir íbúa Krímskaga.

1 Styður þú að Krímskagi verði endursameinaður Rússlandi og muni þá tilheyra Rússneska sambandsríkinu?

2 Styður þú að stjórnarskrá Krímskaga frá 1992 taki gildi á ný og Krímskagi sé hluti af Úkraínu?

Ekki er ljóst hvað átt er nákvæmlega við með orðalagi seinni spurningarinnar. Í fyrstu útgáfu stjórnarskrárinnar frá 1992 var því lýst yfir að Krímskagi væri sjálfstætt ríki, en síðar var henni breytt þannig að Krímskagi yrði sjálfstjórnarlýðveldi innan Úkraínu.

Úkraínski herinn hefur brugðist við með því að efla landamæragæsluna.

Víða í austanverðri Úkraínu hafa rússneskumælandi íbúar komið saman til að lýsa yfir stuðning sínum við kosninguna á Krímskaga.

Vesturlönd hafa hótad Rússlandi refsiaðgerðum, en Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur hvergi hvíkað í afstöðu sinni gagnvart Úkraínu.

Rússar segja nýju stjórnina í Úkraínu, sem tók við eftir að Viktor Janúkovítsj forseti hraktist frá völdum, lúta hægri öfga mönnum. gudsteinn@frettabladid.is

CORDON BLEU

með skinku og osti



ný & **BETRI** eldunar aðferð

Cordon bleu með skinku og osti er dýrindis uppistaða fljótlegar máltíðar.

Foreldað með heilnæmari hætti sem skilar ferskara og betra bragði.

GOÐI

-alltaf góður



SIEMENS - Þvottavél
WM 12B261DN

Vindur upp í 1200 sn./mín.
Tekur mest 6 kg.

Tækifærisverð:
89.900 kr. stgr.



SIEMENS - Þurrkari
WT 46E365DN

Tekur mest 8 kg.
Krumpuvörn í lok kerfis.

Tækifærisverð:
119.900 kr. stgr.



SIEMENS - Uppþvottavél
SN 45D200SK

12 manna. Barnaöryggi.
„aquaStop“ flæðivörn.

Tækifærisverð:
94.900 kr. stgr.



SIEMENS - Ryksuga
VS 01E1801

1800 W. Sjálfinnregin snúra.
3 lítra poki. Vinnuradius: 8 m.

Tækifærisverð:
13.500 kr. stgr.



Eva - Borðlampar

Hæð: 41 sm. Fáanlegir í hvítu,
gráa og svörtu.

Tækifærisverð:
6.900 kr. stgr.



Tækifæri

Mars 2014

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR!

12 mánaða vaxtalaus kjör á heilsurúmum

*3,5% lántökugjald.

20% afsláttur!
af Chiro og Tempur Spring heilsurúmum



Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma í MultiSpring kerfinu er 220 pr. fm. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.

CHIRO DELUXE heilsurúm



CHIRO DELUXE heilsurúm
Með Standard-botni
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~279.800,-~~
Nú kr. 223.840,-
Þú sparar kr. 55.960,-

Fæst einnig í stærðunum
90x200 cm
100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm
152x200 cm
160x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
193x203 cm



CHIRO ROYAL heilsurúm



CHIRO ROYAL heilsurúm
Með Standard-botni
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~285.800,-~~
Nú kr. 228.640,-
Þú sparar kr. 57.160,-

Fæst einnig í stærðunum
120x200 cm
140x200 cm
152x200 cm
160x200 cm
180x200 cm
180x210 cm
193x203 cm



TEMPUR SPRING heilsurúm



TEMPUR SPRING
Með Standard-botni
Verðdæmi 160x200 cm
Rúm, dýna og lappir
Verð frá kr. ~~325.800~~
Nú kr. 260.640
Þú sparar kr. 65.160

Aukahlutur á mynd gafl.

Fæst einnig í stærðunum
180x200 cm
180x210 cm
192x203 cm



CHIRO OG TEMPUR SPRING HEILSURÚMIN FÁST EINNIG MEÐ PREMIUM BOTNUM



① Svart leður ② Hvítt leður ③ Brúnt leður ④ Dökkgrátt tau

Botnar

Lappir



Aluminium

Svart

Hnota

Wenge

Eik

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Bjarni dregur rangan lærdóm af mistökunum:

Hvaða spurning er á dagskrá?

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, virðist byrjaður að átta sig á því að ríkisstjórnin gerði alvarleg mistök þegar hún lagði fram í skyndi þings-ályktunartillögu um að slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið án þess að spyrja þjóðina áhlits.

„Það hefur komið mér á óvart hversu mikil viðbrögð hafa verið í þjóðfélaginu, en kannski hefði maður ekki átt að láta það koma sér á óvart í ljósi þess hvernig við höfum verið að þróa og þroska lýðræðið undanfarinn áratug,“ sagði Bjarni á Alþingi síðastliðið fimmtudagskvöld. „Ég tel að við eigum að læra af þessum við-

brögðum og þessi vinna þarf að eiga sér stað í nefndinni,“ sagði Bjarni og vísar þar til meðferðar málsins í utanríkismálanefnd.

Formaður Sjálfstæðisflokksins dregur hins vegar kolrangar ályktanir af hinum hörðu viðbrögðum. Nýjasta hugmyndin

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



hjá honum er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um þá kosti að slíta viðræðunum, eins og ríkisstjórnin vill gera, eða hafa áframhaldandi viðræðuhlé. „Ég er hins vegar ekki sammála því sem margir telja að sé skynsamlegt að gera núna, að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hluti sem ríkisstjórnin hefur ekki á dagskrá,“ sagði Bjarni á þingi og vísaði þar til kröfunnar um að kosið yrði um hvort aðildarviðræðunum verði haldið áfram eða þeim slitið.

Þetta er algjörlega fráleitur málflutningur. Hver setti það á dagskrá að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið? Það voru núverandi stjórnarflokkar, sem báðir höfðu það á stefnuskrá sinni. Í kosningastefnu Sjálfstæðisflokksins stóð: „Kjósendum ákveði í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðum skuli haldið áfram.“ Þar stóð ekki að halda ætti kosningu án þess að sá kostur að halda viðræðunum áfram væri á kjörseðlinum. Enda hefði það verið jafngalinn hugmynd þá og það er núna.

Núverandi ráðherrar flokksins ítrekuðu loforðið með þessu eða svipuðu orðalagi við mörg tækifæri í kosningabaráttunni. Það hefði líka verið hlegið að þeim á kosningafundunum ef þeir hefðu farið í svipaðar æfingar og formaður þeirra stendur í nú.

Þeir rúmlega 51 þúsund kjósendur sem hafa sett nafn sitt við áskorun um að þjóðin fái að kjósa um að halda viðræðunum áfram eða slíta þeim eru fyrst og fremst að biðja um að staðið sé við það sem þeim hafði verið lofað. Að stjórnarflokkarnir komist ekki upp með að taka af dagskránni málið sem þeir settu þar sjálfir.

Þessi krafa almennings er það sem utanríkismálanefnd verður að taka afstöðu til. Hún getur ekki kynnt fyrir þjóðinni einhverja furðuniðurstöðu, sem felur í sér að kjósendur fái ekki að taka afstöðu til spurningar um áframhald viðræðnanna.

Þótt stjórnarflokkunum hafi legið ógurlega á með tillöguna um viðræðuslitin, virðast þeir núna vilja ræða þetta mál sem lengst í utanríkismálanefnd. Það er skrítið, því að þeir hafa augljósa hagsmuni af því að klára það sem fyrst. Ef það liggur áfram í loftinu að svíkja eigi skýr kosningaloforð fer kosningabarátta þeirra fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vaskinn, eins og þegar sjást merki um. Þeir eiga engan annan kost en að hlusta á þjóðina og standa við það sem þeir lofuðu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ætla þeir að grisja stofninn?

Jón Kristjánsson fiskifræðingur benti í hádegisfréttum RÚV í gær á þá einkennilegu kúvendingu sem orðið hefur á skoðun Íslenskra stjórnvalda á þörfinni fyrir að grisja makrílstofninn. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur sagt að samningur ESB, Norðmanna og Færeyinga um skiptingu makrílkvótans þýði að sjálfbærni veiðanna sé hent fyrir róða. Samningurinn byggir að hans mati á verulegri ofveiði miðað við

fiskveiðiráðgjöf. Ummæli ráðherra komu Jóni og öðrum skiljanlega á óvart enda hafa stjórnvaldameð og útgerðarmenn haldið því fram að veiða þurfi miklu meira af makríl en áður hefur verið gert. Jón benti á þetta og einnig tal um að makríllinn komi hingað og éti allt frá okkur.

Aðrir semji fyrir okkar hönd

Makrílsamningurinn kom til tals í sjónvarpsþættinum Sunnudagsmorgun og var þar tengdur við aðildarviðræðurnar við ESB. Ingólfur Bjarni Sigfússon, nýmiðla-stjóri RÚV, benti þar á að samningur ESB, Norðmanna

og Færeyinga hljóðar upp á meiri kvóta fyrir Íslensk skip en stjórnvöld höfðu áður sóst eftir. Íslendingar hafi því þegar upp er staðið fengið betri samning eftir að þeir fóru frá samningabörðinu. Ingólfur velti því upp þeirri spurningu hvort draga mætti þá ályktun af makrílmálinu að það gæti komið okkur betur að Íslenskir embættismenn og stjórnvaldameð segðu sig frá aðildarviðræðum við ESB og létu Norðmenn og Færeyinga sjá um þær.

- hg



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnis blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sæktu þér lífsþróttinn á Úlfarsfell

ÚTIVIST



Guðni Ágústsson framkvæmdastjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Það er eins og Drottinn allsherjar hafi skapað Úlfarsfell fyrir höfuðborgarbúa til að þjálfa líkama og sál. Ég geng öðru hverju á fellinu, þar hitti ég göngugarpa, fólk á öllum aldri bæði börn og fullorðin fólk, já vel við aldur á nírræðisaldri.

Einn daginn kom maður á móti mér, sló sér á brjóst og sagði: „Á þetta fjall hef ég sótt mér lífsþróttinn í 30 ár með því að standa á toppi þess í viku hverri.“ Ja, hérna, sagði ég og reiknaði hratt í hugarum, í 1.560 skipti, já, sagði hetjan og hljóp við fót upp fellinu.

Það er ekkert fjall eða fell heppilegra en Úlfarsfell til gönguferða. Það er máturega erfitt, göngumaðurinn fær allt út úr göngunni eða skokkinu sem hann þarf. Gönguleiðir eru góðar og afmarkaðar, ferðin tekur þetta um tvær klukkustundir í það heila. Ég finn að ferðin upp og niður gefur manni allt, hjartað slær örur, blóðið flæðir eftir æðunum, maður svitnar, liðirirnir smyrja sig, maður skyrpir og losar líkamann við vessa. Og alsælan fylgir því að standa á toppi þessa lága fells, svoltið montinn af sjálfum sér.

Esjan er fallelgra fjall en hún hentar betur göngunum. Þetta fell er skapað til að

→ Það er ekkert fjall eða fell heppilegra en Úlfarsfell til gönguferða. Það er máturega erfitt, göngumaðurinn fær allt út úr göngunni eða skokkinu sem hann þarf.

þjálfa okkur hina hógværu og byrjendur í fjallgöngum. Þarna er fólkið með hundana sína og allir vita að hundurinn þarf hreyfingu alveg eins og barnið frá vöggu til grafar. Við þurfum öll hreyfingu og þjálfun. Í því er fólgin hamingja og fyrirbyggjandi starf gegn sjúkdómum.

Stefnumótin við Úlfarsfell einu sinni í viku er um leið líftrygging, þú sérð aldrei eftir því að byrja. Þrátt fyrir það verður þú að synda og ganga úti við eða fara á hinar frábæru líkamsræktarstöðvar World Class og slíkar stöðvar nokkrum sinnum í viku. Lífið er nefnilega dauðans alvara, maður verður að berjast fyrir því upp á hvern einasta dag. Byrjaðu áður en það er of seint að sækja þér lífsþróttinn á Úlfarsfellið eða út í náttúruna. Eftir nokkrar ferðir skynjar maður sannleika Reykjavíkurskaldsins „að eiginlega er ekkert bratt, bara mismunandi flatt“.

Hjarta-Aspirín

20%
afsláttur

Ódýrt frá LYFIS

75 mg acetylsalicylsýra - 100 magasýrupólvar töflur

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Þetta er landið sitt

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Stundum hvarflar að manni að til sé eftir allt saman séríslenskt efnahagslögmál: því meira sem einhver græðir, þeim mun verr stendur hann.

Og hafi dunið á fyrirtækjum samfelldur gróði árum saman eru þau brátt komin á vonarvöl.

Afturkallinn

Kynni maður að ætla þegar um er að ræða þær tvær atvinnugreinar sem einkum hafa hagnast á lágu gengi krónunnar undanfarin ár, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Hvorug greinin er aflögufær eins og frægt er; og fyrirtækjum í ferðaþjónustu virðist um megn að taka þátt í eðlilegri uppbyggingu – eða lágmarksviðhaldi – á helstu ferðamannastöðum og virðast ætla að láta ferðamennina um að greiða það allt.

Núverandi ríkisstjórn hefur sýnt í verki hug sinn til náttúruverndar, með því fyrst að setja í stól umhverfisráðherra yfirlýstan andstæðing umhverfisverndar sem lét það verða eitt sitt fyrsta verk að flæma úr starfi virtan og vammulausan ráðuneytisstjóra, Stefán Thors, fyrir engar sakir.

Ríkisstjórnin hefur líka að hans undirlagi markvisst skert framlög til landvörslu, enda margoft sannað sig að landverðir eru stórhættulegt fólk – gott ef ekki náttúruverndarsinnar – sem þekkjá landið.

Eitt af fyrstu verkum ríkis-

stjórnarinnar var að hætta við svokallað gistináttagjald, skatt sem stóð til að leggja á ferðaþjónustuna og nota til þess að byggja upp ýmislegt sem látið hefur verið sitja á hakanum alltof lengi, leggja göngustíga, bæta aðgengi, sinna viðhaldi.

Í staðinn stendur til að innleiða svokallaðan náttúrupassa með yfirskriftinni: Þeir borgi sem njóta.

Það er að segja: Þeir sleppa sem græða.

„Þetta land á þig“

Þetta finnst sumum landeigendum frábær hugmynd og geta raunar ekki beðið eftir því að ríkisstjórnin komi þessari gjaldtöku gegnum þingið, vilja ólmir fara sjálfir að rukka fyrir aðgang að stöðum sem hingað til hefur ekki þurft að greiða sérstaklega fyrir að njóta.

Það er einkennileg og óþægileg tilhugsun að þurfa að greiða fyrir aðgang að íslenskri náttúru. Þegar ég kem að Dettifossi vil ég ekki þurfa að borga mig þar inn. Það er ekki vegna þess að ég tími því ekki – eflaust verður þetta smáræði – málið snýst um eitthvað annað og dýpra. Gjaldtaka við slíkan stað fer í bága við einhverja grundvallarhugmynd sem ég hef um samband mitt við Ísland. Dettifoss er frændi minn, hann er partur af mér. Að fara að greiða fyrir aðgang að íslenskri náttúru er eins og að þurfa að borga sig inn til að heimsækja náin skyldmenni.

Ég veit: Þetta eru tóm tilfinningarök hjá mér, en þessi tilfinning er samt meðal þess sem mér finnst gera mig að Íslendingi.

Þegar maður á að borga sig inn við Gullfoss eða á Þingvöllum, við Skógarfoss, Keríð eða Landmannalaugar, hefur maður verið sviptur einhverju ákaflega

„Að fara að greiða fyrir aðgang að íslenskri náttúru er eins og að þurfa að borga sig inn til að heimsækja náin skyldmenni.“

mikilsverðu: tilfinningunni fyrir olnbogaráminu, víðáttunni sem endurspeglir eitthvað stórt innra með manni. Borgi maður sig inn á þessa staði eins og hvert annað tívolítæki hverfur þessi kennd.

Lögfræðingar gætu eflaust talað hér um almannarétt og vísað aftur í Grágás um frjálsta umferð fólks um landið, hvað sem líður eignarhaldi.

Íslensk náttúra og gersemar hennar – vatnið, vindurinn, fossarnir og fjöllin – eru sameign þjóðarinnar og það á að vera sameiginlegt verkefni þjóðarinnar að vernda þessa náttúru.

Það er hvað sem öðru líður og hvað sem hver segir gott að búa á Íslandi. Hér er allt – eða þannig – margt – sumt að minnsta kosti – fjölskyldan, málið, vinir, sameiginlegar tilvísanir, einhver andi ... Og svo höfum við aðgang að þessari náttúru og vitneskjuna um þann aðgang. Maður gengur um landið, horfir á hola og hæðir og finnur að þessi náttúra tilheyrir manni í einhverjum viðum og djúpum skilningi og maður tilheyrir henni. En umfram allt, þetta land hefur gildi og verðmæti í sjálfu sér; tilheyrir sjálfu sér.

Guðmundur Páll Ólafsson skrifði í Hálandinu í náttúru Íslands: „Enginn á land; enginn á vatn, vind eða sól. En land á fólk, þjóðina sem í því býr og af því er orðið fósturjörð dregið. Ekkert getur breytt þessu...“

Má ég fara til hjúkrunarfræðingsins?

Í nær öllum grunnskólum landsins starfa hjúkrunarfræðingar sem hjá börnunum hafa gælunafnið skólahjúkkur. Almennt finnst skólahjúkrunarfræðingum vænt um þetta gælunafn barnanna þó þeir kjósi að kalla sig hjúkrunarfræðingum eða hjúkkrum.

HEILBRIGÐIS-
MÁLRagnheiður
Gunnarsdóttir
varaformaður
Félags íslenskra
hjúkrunarfræðinga

Niðurskurður

Skólar eru stórir vinnustaðir, oft skipta starfsmenn þeirra og börnin mörgum hundruðum. Aldursdreifingin er líka breið, allt frá óhörðnuðum börnum sem koma beint af leikskóla til unglinga sem eru að ljúka skólaskyldu og tilbúnir að leggja af stað út í heim hinna fullorðna að eigin mati.

Á svo stórum vinnustað verða núningar og

margra áratuga reynsla okkar Íslendinga af störfum hjúkrunarfræðinga innan skólans er mjög góð. Hjúkrunarfræðingur í skóla nýtur eins konar friðhelgi. Hann er allra jafnt, enginn á hann. Allir hafa aðgang að honum með mál sem þurfa að njóta algjörs trúnaðar. Stundum hefur störfum þeirra og stöðu í skólum verið líkt við stöðu Rauða krossins eða Rauða hálfmánans á átakasvæðum, um þá ríkir sátt og allir virða þeirra störf og treysta.

Nú blasir við erfið fjárhagsstaða heilsugæslunnar og ljóst að um niðurskurð verður að ræða. Skólahjúkrunarfræðingar eru starfsmenn heilsugæslunnar og þegar er búið að ákveða að fjölga þeim börnum sem hverjum skólahjúkrunarfræðingi er ætlað að sinna. Skólahjúkrunarfræðingar munu auðvitað leitast við að sinna sínum störfum eins vel og kostur er við breyttar forsendur en ítreka að ekki verður gengið nær störfum þeirra án þess að það komi verulega niður á vinnu þeirra með íslenskum skólabörnum.

En af hverju er hjúkrunarfræðingur svona mikilvægur starfsmaður skólans og hvaða erindi barna berast honum?

Þar er um ótrúlega auðugan garð að gresja. Langflest mál sem börn bera upp má leysa úr í skyndi, plástur á sár, sandur í auga eða tognun í skólaíþróttum.

En svo eru það hin málin, langvinnir magaverkir sem geta verið af margvíslegum sál- eða líkamlegum orsökum. Stríðni eða einelti, spurningar um kynlíf og getnaðarvarnir, svo ekki sé minnst á alvarlegustu málin sem tengjast kynferðislegri misnotkun barna, ofbeldi á heimilum eða vanrækslu. Hjúkrunarfræðingar hafa þekkingu til að meta hver þessara mála má leysa á staðnum og hvaða börnum þarf að vísa áfram til annarra faghópa innan heilbrigðiskerfisins.



Vantar þig öflugt fólk í stjórn fyrirtækis?

Félagsmenn í félagi MBA-HÍ útskrifaðir með MBA gráðu gefa kost á sér til að sitja í stjórnnum fyrirtækja.

Um er að ræða fólk sem hefur skilning, menntun og þekkingu á rekstri fyrirtækja sem eru helstu áherslur MBA náms. Félagsmenn hafa forsendur til að axla ábyrgð og taka ákvarðanir sem eru á valdsviði stjórna.

Okkar félagar eru vel að sér um stjórnarhætti í fyrirtækjum og eru meðvitaðir um þær kröfur sem gerðar eru til stjórnanna fyrirtækja. Önnur menntun og starfsreynsla félagsmanna er mismunandi og hvetjum við fyrirtæki til að velja í stjórnir fólk sem er óháð og vel hæft til stjórnarsetu.

Listann yfir þá sem gefa kost á sér er að finna á www.mba.is

MBA Alumni
Félag MBA-HÍ

MERKISATBURÐIR

1905 Franklin D. Roosevelt giftist fjarskyldri frænku sinni, Eleanor Roosevelt, í New York.

1917 Framsóknartímaritið Tíminn kom út í fyrsta sinn þennan dag.

1957 Filippseyki forsetinn Raom Magsaysay lést í mannskæðu flugslysi á Filipseyjum. 24 aðrir létust í slysinu.

1959 Dalai Lama flúði til Indlands frá Tíbet eftir mishæppnaða uppveisn.

1965 Leikritið „Þjófar, lík og falar konur“ eftir ítalska leikskáldið Dario Fo var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

1985 Raðmorðinginn Richard Ramirez sem einnig var kallaður „Næturhrellirinn“ framdi sitt fyrsta morð þessa nótt.

1987 Prestskosningar voru afnumdar að mestu á Íslandi með nýjum lögum en slíkar kosningar tíðkuðust í heila öld.

1988 Fyrsta íslenska glasabarnið, tólf marka drengur, fæddist á Íslandi þennan dag.

2008 Samið var í skilnaðarmáli leikarans Pauls McCartney og fyrrverandi eiginkonu hans, fyrirsætunnar Heather Mills.



PETTA GERÐIST 17. MARS 1969

Priðji kvenkynsforseti heimsins kjörinn

Pennan dag árið 1969 tók stjórnmalakonan og kvenskörungurinn Golda Meir við embætti forsætisráðherra Ísraels. Hún var fjórði forsætisráðherra Ísraels, fyrsta konan til að gegna því embætti en þriðji kvenkyns forsætisráðherra í heiminum.

Hún var kölluð „besti stjórnmalamaðurinn“ af mörgum kollegum sínum á meðan hún gegndi embætti en hún þótti gífurlega hörð í horn að taka. Henni var jafnan lýst sem viljasterkri og

beinskeyttri ömmu gyðinga en hún var meðal stofnenda Ísraelsríkis. Hún var formaður Verkamannaflokksins þar í landi áður en hún tók við embætti utanríkisráðherra en loks náði hún kjöri forsætisráðherra.

Meir lét af embætti árið 1974 og lést fjórum árum síðar úr krabbameini. Hún var jafnan nefnd „Járnfrú“ ísraelskra stjórnmalama, mörgum árum áður en viðurnefnið festist við breska forsætisráðherrann Margaret Thatcher.





Ástkær maki, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og vinur,

EIRÍKUR RÚNAR HERMANNSSON
Laugarnesvegi 78,

lést á háskólasjúkrahúsinu í Osló laugardaginn 8. mars. Útför hans fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 20. mars kl. 15.00.

Ragnheiður Grétarsdóttir
Erlendur Eiríksson
Ragna Eiríksdóttir
Jóhannes Pétursson
afabörn.
Sigursteinn Sævar Hermannsson

Fjóra Einarsdóttir
Guðmundur Ingi Sigurvinnson



Ástkær systir okkar og föðursystir,

STEINUNN JÓNSDÓTTIR
Melgerði 39, Kópavogi,

áður til heimilis í Granaskjól 3, Reykjavík, lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. mars kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Steinars Mána Guðmundssonar, 0537-14-405600, kt. 640811-0210.

Guðmundur Kjalar Jónsson
Guðmundur Ingvar Jónsson
Guðmundur Örn Ingvarsson
Lilja Kjalarsdóttir
Íris Kjalarsdóttir
Guðmundur Gíslason
og aðrir aðstandendur.



Granithöllin Legsteinar

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Granithöllinni

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888 www.granithollin.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

STARTUP REYKJAVÍK Fjöldi fyrirtækja tekur þátt ár hvert.

Umsóknir í Startup Reykjavík hrúgast inn

Viðskiptahraðallinn Startup Reykjavík er nú haldinn í þriðja skipti. Frábær stökkpallur fyrir sprotafyrirtæki sem hafa hug á að herja á erlendan markað.

Umsóknarferlið í viðskiptahraðalinn Startup Reykjavík er hafið en verkefnið er samstarfsverkefnið Arion banka og Klak Innovit. Þetta er í þriðja sinn sem viðskiptahraðallinn er haldinn. „Við köllum eftir hugmyndum af öllu tagi óháð geirum, með alþjóðlegan markað að leiðarljósi,“ segir Einar Guðmundsson, forsvarsmáður nýsköpunarmála Arion banka. „Við

leggjum áherslu á að teymið á bak við hugmyndina sé nægilega fjölbreytt til að unnt sé að hrinda hugmyndinni í framkvæmd. Teymin þurfa að búa yfir breidd, fjölbreyttri hæfni og góðu samspili.“

Verkefnið er árlegt og Arion banki hefur nú þegar fjárfest í tuttugu sprotafyrirtækjum í verkefninu. „Við erum með þessu að styðja markvisst

við sprotumhverfið á Íslandi, bæði með fjármagni og leiðsögn. Í fyrra voru umsóknirnar yfir 200 og við eigum von á að þeim fari fjölgandi. Þessi fjöldi er bara ein vísbending um þá grósku sem á sér stað innan sprotageirans á Íslandi. Við erum mjög stolt af því að geta stutt við hana með þessum hætti.“

Tekið er við umsóknum til og með 30. mars. -jm

Vísindasjóður Landspítalans veitir fyrstu nýsköpunarstyrkina

Þrjú tveggja milljóna styrkir voru veittir starfsmönnum Landspítalans rétt fyrir helgina úr Vísindasjóði spítalans. Þeir eru ætlaðir til nýsköpunarverkefna.

Þeir Einar Stefánsson, yfirlæknir og prófessor á augneild, Orri Þór Ormarsson, barnaskurðlæknir á Barnaspítala Hringinsins, og Páll Torfi Ónundarson, yfirlæknir og prófessor á blóðmeinafræðideild, hafa hver um sig hlotið tveggja milljóna króna styrki úr Vísindasjóði Landspítalans. Styrkirnir eru ætlaðir til nýsköpunarverkefna sem þremmingar vinna nú að í samstarfi við aðra starfsmenn spítalans. Verkefni Einars snýst um að koma

súrefnismæli fyrir sjónhimnu af rannsóknarstigi yfir í klíniska notkun, Orri Þór vinnur að nýju lyfi til meðhöndlunar á hægðatregðu og til tæmingar fyrir ristilspegulanir og verkefni Páls varðar blóðþýningu sjúklinga. Þetta var í fyrsta sinn sem Vísindasjóðurinn veitir slíka styrki. Þeir voru afhentir á föstudag í Hring-sal barnaspítalans. Þar var Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra meðal gesta. -gun



VIÐ ÚTHLUTUN Einar Stefánsson, Orri Þór Ormarsson, Páll Torfi Ónundarson, Páll Matthíasson forstjóri og Gísli H. Sigurðsson, formaður vísindaráðs Landspítalans.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



VOR Í NÁND

Gunnar Kvaran sellóleikari og Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari verða með tónleika í Hannesarholti á miðvikudagskvöldið kl. 20 sem þau nefna Vor í nánd. Þar verða leikin ýmis tónverk, meðal annars eftir Bach og Haydn auk íslenskra þjóðlaga.

PRO-STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á nóttunni?
Er bunan orðin kraftlitil?



PRO-STAMINUS er spennandi nýjung sem er fýnt og fremst ætíð karlmönnum sem hafa enkenni göðkyrja stökkunar á blóðruháskirti sem getur valdið vandræðum við þvaglát.

www.gengurvis.is

PRO-STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuöðum og heilsuhillum stórumarkaðu

ÞAÐ VINSÆLASTA VIÐ ÞYNGDARSTJÓRNUN


BALSAM KYNNIR GARCINIA CAMBOGIA 100% náttúrulegt fæðubótarefni. Tilvalið fyrir alla sem vilja borða minna í hverri máltíð, ná stjórn á millimálamauli, sykuráti, kvöldsnaði, losna við aukakílóin og upplifa vellíðan í eigin skinni.

Fæðubótarefnið er unnið úr ávextinum GARCINIA CAMBOGIA sem finnst í Suðaustur-Asíu. Ávöxturinn hefur verið notaður í mörg hundruð ár, bæði sem almenn fæða og sem lækningalyfi. Virkni ávaxtarins má rekja til efnisins HCA eða hýdroxýsýru sem hindrar fituþyngingu, minnkar matarþörf, býr til seddutilfinningu, jafnar blóðsykur og eykur serótónín-framleiðslu sem skapar jafnað-argeð, eykur vellíðan og minnkar stress.

Rannsóknir hafa sýnt að GARCINIA CAMBOGIA stóreykur þyngdartap, dregur úr matarþörf og bætir líðan.

MARGIR FINNA ÁRANGUR Á AÐEINS 1-2 VIKUM

GARCINIA CAMBOGIA er þegar orðið eitt allra vinsælasta fæðubótarefni við þyngdarstjórnun á Íslandi og er nú m.a. fáanlegt í heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers, Fjarðar-kaups og Lyfsal-anum Glæsibæ.



GÓÐUR ÁRANGUR Svava María Ómarsdóttir bendir sem flestum á að kynna sér ótrúlegan árangur af notkun á GARCINIA CAMBOGIA á netinu.

RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu 2 hylki af GARCINIA CAMBOGIA með vatnsglasi um 30-60 mínútum fyrir aðalmáltíð eða taktu 2 hylki stuttu eftir aðalmáltíð. Dagskammtur er 2-6 grænmetishylki.

UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar er að finna undir Garcinia Cambogia Iceland á Facebook.

BETRI DAGAR

Svava María Ómarsdóttir hefur notað Garcinia Cambogia í nokkurn tíma og mælir með því fyrir alla þá sem vilja að þeim líði betur í eigin skinni. „Ég er heimavinnandi móðir og hef ekki mikinn tíma fyrir ræktina. Ég hef náð miklu betri stjórn á eigin þyngd og hefur aldrei liðið betur með sjálfa mig.“



BASE by d line

JARNGLER

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFTI

Fermingar tilboð

Svæðisskipt heilsudýna **VALHÖLL** (eldri gerð)

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Tilboðsverð kr. 69.900.-**

140x200 cm **Tilboðsverð kr. 79.900.-**

Ath. takmarkað magn

GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár

12 mán.
vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Mánudagur 17. mars
kl. 12-17
Lyfju Lág múla

Þriðjudagur 18. mars
kl. 12-17
Lyfju Smáratorgi

Fimmtudagur 20. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Austurvei



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og
Image designer kennari
frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum
frá L'Oréal Paris.

KARAMELLA OG BANANI

■ **HÁTÍÐARHAFRAGRAUTUR**
Til að breyta út af venjunni frá hversdagslega hafragrautum er sniðugt að fá sér þennan bakaða hafragraut með banönum.

2 bollar haframjól
1 tsk. lyftiduft
1 tsk. vanilla
1/4 tsk. salt
1 egg (hraert)
3 bananar
1 1/2 bolli mjólk

Blandið saman þurrfeinum. Blandið saman egg, einum stöppuðum banana og mjólk. Blandið þurrfeinum saman við hina blönduna. Setjið bökunarpappír í form. Skerið hina tvo banana niður og raðið helmingsnum á botninn, hellið deiginu yfir og raðið restinni af banönunum ofan á. Bakið í ofni við 190°C í 26 mínútur, stráið svo púðursykri yfir grautinn, aukið hitann og setjið grautinn aftur inn í 3 til 4 mínútur eða þar til sykurrinn er bráðinn.

Þar með er kominn banana-hafragrautur með karamellu-toppi fyrir fjóra.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson,
sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson,
kolli@365.is, s. 512-5447

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
þessi raga eru á aðstoð
og hvernig þú málta í ofbroti



Hreinsandi
fyrir alla muni

Húsgagnahreinsun fyrir alla muni

Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



FRAMKVÆMDAGLEÐI Elva Björk Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku Landspítalans, setti í loftið bloggsíðu til að halda utan um hugmyndir sína fyrir heimilið. Elva framkvæmir eina hugmynd á viku og setur inn lýsingar og myndir af verkefnum. Elva málaði skúffurnar í kommóðunni, spreypaði kollana og þrjónaði pulluna á gólfinu. MYND/GVA

EITT VERK Á VIKU

FRAMTAKSSAMUR FAGURKERI Elva Björk Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur heldur úti bloggsíðunni Verkefni vikunnar. Þar setur hún inn myndir og lýsingar á hugmyndum sem hún fær og framkvæmir.



NÝJASTA VERKEFNIÐ Eina vikuna fléttaði Elva hálsmen og armbönd úr borðum, perluböndum og keðjum.

Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir skapa og er stöðugt eitt-hvað að brasa. Mér líður hálf-illa ef ég er ekki að gera eitthvað,“ segir Elva Björk Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og fagurkeri, en hún deilir hugmyndum sínum á bloggsíðunni Verkefni vikunnar, milli vakta á bráðamóttöku Landspítalans.

„Ég hugsaði bloggið sem ákveðið aðhald því ég byrja svo oft á einhverju en klára það ekki. Hefst handa um leið og mér dettur eitthvað í hug en í miðjum klíðum fæ ég aðra hugmynd og byrja þá strax á henni,“ segir hún spök. „Ég átti alveg eins von á að þetta yrði kvöð, þegar síðan væri komin í loftið, en sú varð alls ekki raunin. Mér finnst þetta rosalega gaman og gefandi og er hæstánægð með þetta framtak hjá mér,“ segir hún hlæjandi og hefur ekki áhyggjur af því að verða uppiskroppa með hugmyndir.

„Ég er með heilan helling af verkefnum á „to-do listanum“ og er alltaf að ýta einhverjum þeirra aftur á listann þegar ég fæ


nýja hugmynd sem ég „verð“ að framkvæma strax. Núna er ég til dæmis að hekla gólfmottu, sem var ekki efst á listanum. Ég gat bara ekki beðið með þetta. Ég rakst nefnilega á ómótstæðilega finnska bómull í versluninni Storkinum sem er vélþrjónuð í grófar lengjur og henta því fullkomlega í gólfmottu. Ég valdi meira að segja litina í mottuna með símabekk í huga sem ég ætla að gera upp og láta bólstra við fyrsta tækifæri. Þetta verður langtímaverkefni,“ útskýrir Elva og segir fjölskylduna sýna framkvæmdagleði hennar fullan skilning.

„Stundum fæ ég að heyra eitt-hvað, þegar ég er búin að dreifa pappakössum um allt stofugólf til að sletta ekki málningu á gólfu. Eða þegar fjölskyldan kemur heim og húsið angar af sprengi og málningu, en yfirleitt eru allir sáttir við lætin í mér.“

En hefur eitthvað af verkefnum vikunnar farið í vaskinn?

„Já, já, það kemur alveg fyrir. Einu sinni ætlaði ég til dæmis að flétta gólfmottu úr efnisbútum og var heilan dag að rífa efni niður í ræmur. Svo sat ég við og fléttaði og fléttaði en það kom hríkalega út. Næstum því það ljótasta sem ég hef séð. Sú tilraun endaði í ruslinu.“

Nánar má fylgjast með verkefnum Elvu á verkefnivikunnar. blogspot.com/



YFIRHALNING Fyrsta verkefni Elvu var að taka gamlan stól í yfirhalningu. Hún spreypaði stólinn í bronslit og bjó til nýja sessu úr púðaveri frá IKEA.



LITAGLEÐI Kollana fann Elva í Góða hirðinum. „Ég ákvað að hafa kollana ekki eins, en í sömu litum og mig langaði til að annar þeirra yrði svolítið eins og honum hefði verið dyft í lakkið.“



SNIÐUG KORKTAFLA Elva notaði hitaplatta úr korki til að búa til korktöflu á vegg. Plattana málaði hún í frískum lit áður en hún festi þá upp á vegg. Krittartöfluna til hliðar útbjó hún úr myndaramma sem hún tók glerið úr og málaði bakið með krittarmálningu.

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnboði Hilmarsson lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Efstasund 81 **49,9m**
Opíð hús fimmtudaginn 20. mars kl. 18:00-18:30

OPTÐ HÚS

Skipti möguleg á minni eign með bílskúr, í sama hverfi.

Vantar eignir á skrá Fritt verðmat

- Tvíbýli (68,25% af heild hússins)
- 5 rúmgóð SVEFNHERBERGI
- 2 baðherbergi
- 41,8 fm bílskúr
- Tölv. endurn. hús, sérinngangur
- Skráð 166,9 fm + bílskúr 41,8 fm samtals = 208,7 fm
- Stór garður og sólskáli

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905



Fallegt einbýli á vinsælum stað í Hafnarfirði.

Einbýli á stórra hraunlóð

Hraunhamar kynnir: Reisulegt og fallegt einbýlishús á besta stað við Sævang í Hafnarfirði. Eignin er skráð 276,1 fm en þar af er bílskúr 56,3 fm. Eignin er staðsett á stórra hraunlóð.

Björt stofa með fallegum arni, útgangur út á góðar flísalagðar svalir til suðurs. Gert er ráð fyrir einu herbergi á efri hæðinni samkvæmt teikningum en stofan er þeim mun stærri í dag. Á neðri hæð er hol með skáp, útgangur út á timburverönd í bakgarði.

Drjú góð herbergi með skápum, búið er að opna milli tveggja þeirra en auðvelt að loka aftur. Gólfefni eru parket og flísar, teppi á stofu.

Stór skjólgóð timburverönd í bakgarði, hraunlóð, hellulagðir gangstígar.

Stór geymsla undir bílskúr sem er gengið í frá baklóð.

Allar frekari upplýsingar gefur Hilmar Þór Bryde, sölumaður hjá Hraunhamri fasteignasölu sem sýnir eignina, sími: 520-7500, gsm: 892-9694, hilmar@hraunhamar.is.

Góð aðkoma er að húsinu, hellulögð bílastæði. Rúmgóð flísalögð forstofa með góðum skápum. Flísalögð gestasnyrting með glugga. Stórt hol, hátt til lofts, borðstofa og mjög gott og vel innréttað eldhús og búr.

Rúmgott svefnherbergi með góðum skáp. Flísalagt baðherbergi þar inn af með sturtuklefa og innréttingu. Stórt þvottahús. Rúmgott sjónvarpshol. Stórt flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtuklefa.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærstedt lögg. fasteignasali. einar@fastmos.is

KJARNNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Litlikriki 76 – 270 Mosfellsbær

Nýjar íbúðir í vönduðu lyftuhúsi við Litlikrika 76 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með innréttingum og gólfefnum. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Frábær staðsetning í útgarði Krikkahverfis með fallegu útsýni að Lágafelli.

Verð:
2ja herbergja 74 m2. Verð frá 24,5 til 24,7 m.
5 herbergja 154 m2. Verð 40,5 m.

Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar í apríl/maí 2014.

Ásholt 3 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegt 321,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara við Ásholt 3 í Mosfellsbæ. Lóðin er sérlega glæsileg með miklum trjágróðri og 28 m2 sólskála með heitum potti. **V. 57,5 m.**

Bergholt 8 - 270 Mosfellsbær

Fallegt 183,6 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr við Bergholt 8 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í stóra stofu, gott eldhús m/borðkrók, 4-5 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu ásamt bílskúr. Eignin er mikið endurnýjuð að innan. Hellulagt bílapan og stór timburverönd. **V. 43,9 m.**

Kóngsbakki 13 -109 Reykjavík

48,1 m2, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í stíghúsi. **V. 14,5 m.**

Gylfaflöt 12- 112 Reykjavík

Gott 207,2 m2 atvinnuhúsnæði á 2 hæðum. Eignin skiptist í Móttöku/verslun, salerni og stóran vinnusal. Gott milliloft er yfir hluta af vinnusalnum sem er ekki í fermetratölu eignarinnar. Á efri hæðinni er gott opið skrifstofurými. **V. 28,9 m.**

Njálsgata 37 - 101 Reykjavík

Fallegt 183,3 m2 einbýlishús, tvær hæðir + kjallari. Sér garður og bílastæði. Eignin er skráð 183,3 m2, þar af íbúð á hæð 62,3 m2, ris 58,7 m2 og kjallari 62,3 m2. **V. 59,0 m.**

Háholt 4 -270 Mosfellsbær

61,2 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi og verönd. Skiptist í svefnh., forstofu, eldhús, stofu og geymslu innan íbúðar. Íbúðin þarfnast viðhalds og viðgerða. **V. 15,9 m.**

Birkiteigur 2 -270 Mosfellsbær

Rúmgóð 96,5 m2 neðri sérhæð í tvíbýlishúsi við Birkiteig 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús m/borðkrók, barnaerbergi, baðherb. og stórt hjónaerbergi. **V. 24,9 m.**

Hjallahlíð 19D - 270 Mosfellsbær

Opíð hús þriðjudaginn 18.mars frá kl. 17:00 til 17:30

Glæsilegt 117,4 m2 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með afgirri timburverönd í fjórþýlishúsi ásamt 24,1 m2 bílskúr við Hjallahlíð 19D. Vinsæll staður. Rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. **V. 37,9 m.**

Línakur 6 - 210 Garðabær

